

## Breytingar á lögum Kjalar stéttarfélags lagðar fram á aðalfundi þann 20. mars 2025

1. gr.

Félagið heitir Kjölur stéttarfélag ~~starfsmanna~~ í almannaþjónustu. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagssvæði þess er Austurland, Norðurland, Vesturland og Vestfirðir.

Félagið er stéttarfélag ~~starfsmanna~~ ~~starfsfólks~~ í almannaðjónustu og skiptist í tvo hluta, opinberan hluta (O-hluta) og almennan hluta (A-hluta).

### Breytingar á greinum 2. gr., 4. gr., 5. gr. 6. gr. 7. gr. 8. gr. 9. gr.

Þar sem orðið „félagsmanna“ breytist í félagsfólk og eða félagar eftir setningafræði hvernar greinar

3. grein 7. máls liður

Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert af ofangreindum skilyrðum til þess að geta orðið félagir og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með ~~félagsmaður~~ ~~fullgildur félagi~~.

9. gr. tveir liðurinn og viðbót við hann

Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver ~~félagsmaður~~ ~~félagi~~ ~~allt~~ ~~að~~ kosið ~~formann~~, ~~átta~~ ~~nú~~ meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal nafn frambjóðenda, vinnustað og starfsheiti. Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver félagsmaður kosið ~~allt~~ ~~að~~ ~~formann~~, ~~nú~~ ~~átta~~ meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.

*Hverju framboði er skylt að tilnefna tvo umboðsmenn sem komi fram fyrir hönd þess gagnvart kjörstjórn og er þeim heimilt að vera viðstaddir talningu. Óheimilt er að viðhafa nokkurn kosningaáróður á kjörstað, né við hann, né hafa þar tillögur, áskoranir eða hvatningar um kosninguna aðrar en leiðbeiningar samkvæmt lögum félagsins.*

9. gr. Viðbót

*Ef formaður gengur úr stjórn eða forfallast á kjörtímabilinu þá tekur varaformaður við fram að næsta kjöri.*

9. gr. viðbót

*Stjórn Kjalar stéttarfélags ræður rekstrarstjóra/skrifstofustjóra félagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun félagsins, ráða starfsfólk skrifstofu Kjalar og semja um kjör þeirra.*

Sniðið: Leturlitur: Rauður

Sniðið: Leturlitur: Rauður

Sniðið: Leturlitur: Rauður

16. gr. viðbót

*Stjórn félagsins skal láta gera skrá yfir allt félagsfólk sem atkvæðisrétt hafa í sérstaka kjörskrá. Kjörskrá skal liggja frammi eigi síðar en viku fyrir kjördag. Kærufrestur er til loka kjörfundar. Nýtt félagsfólk getur gengið í félagið allt til loka kjörfundar.*

*Umboðsmönnum þeirra sem standa að framboðum við kosningu stjórnar og trúnaðarmanna skal heimill aðgangur að félagaskrá einum mánuði fyrir kjördag.*

*Samþykkt á stjórnarfundum 13. mars 2025 til samþykktar á aðalfundi þann 20. mars 2025*